




Öldungaráð Reykjavíkurborgar
bt. Guðrúnar Ögmundsdóttur
Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK



Umsögn vegna tillögu um skipun hagsmunafulltrúa fyrir aldraða.

Á fundi velferðarráðs þann 12. desember 2018, var lögð fram svohljóðandi tillaga Flokks fólksins um skipun hagsmunafulltrúa fyrir aldraða.

Lagt er til að skipaður verði hagsmunafulltrúi fyrir aldraða sem skoðar málefni þeirra ofan í kjölinn og heldur utan um hagsmuni þeirra, aðhlyningu og aðbúnað. Hann á að kortleggja hver staðan er í húsnæðismálum, heimahjúkrun, dægradvöl og að heimaþjónusta fyrir eldri borgara verði fullnægjandi. Með þessum hætti næst betri heildarsýn og staða mála eldri borgara verður skýrari. Hagsmunafulltrúinn fylgi málum vel eftir þannig að þau séu örugglega afgreidd og unnin á fullnægjandi hátt.

Velferðarráð óskaði eftir að tillagan yrði í send til umsagnar Öldungaráðs. Óskað er eftir að umsögn berist innan 21 dags.

Virðingarfyllst,

Dís Sigurgeirsdóttir
skrifstofustjóri